

Fundur í fræðslu og skólanefnd haldinn í Laugargerðisskóla 28.10.2013

Mættir eru: Eggert Kjartansson, Guðríður Pétursdóttir, Katrín Gísladóttir, Sigurður Jónsson, Sigríður Sigurðardóttir, Hulda Þórðardóttir og Kristín Björk Guðmundsdóttir.

- * Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.
- * Kristín Björk fer yfir það nýjasta sem er að gerast í skólanum. Vinnuhlutfalli hefur verið breytt aðeins á milli skóla og leikskóla. Sigurður fór yfir kennsluna á íþad tölvurnar t.d. stuttmyndir, bækur og bæklinga. Áhugasvið er nýjung á stundaskrá, núna er t.d. verið að vinna eftir samningum um kassabílagarð, lego, förðun og hárgreiðslu. Vinaliðaverkefni, haldið var námskeið í haust og löngufrímínútur hafa verið lengdar aðeins og vinaliðar kosnir í 4.,6.,7. og 8. bekk sem stýra leikjum úti í frímínútum. Ávextir sem verið hafa á boðstólum í morgunmat hafa lítið verið nýttir og var tekin upp sú nýjung að bjóða upp á ávaxtastund eftir hádegið sem auka orku og hefur það gefist mjög vel. Gaman að heyra að skólastarfið er í sífelldri þróun í takt við breytta tíma og iðandi af lífi þrátt fyrir fámennið.
- * Rætt var um leikvöllinn. Komin er girðing á stað og er það mjög jákvætt og eykur mjög á öryggi nemenda þegar hún verður frágengin, spurning hvert framhaldið verður, t.d. með undirlagið á planinu sem innan girðingar verður og hvort athuga ætti með kastala eða eitthvað slíkt. Athuga þarf hið fyrsta með endurskin á girðinguna svo að ekki verði keyrt á hana þar sem hún er mjög dökk og sést illa í myrkri.
- * Kristín Björk kynnti fjárhagsstöðu síðasta árs.
- * Fjárhagsáætlun næsta árs rædd. Mikilvægt er að halda þjónustu við börnin, bæði grunnþjónustu og sérfræðiþjónustu sem þörf er á. Hreppsnefnd er hvött til að standa vörð um þá gæðastaðla sem við höfum haft þannig að hægt sé að halda góðri þróun áfram bæði í skólastarfinu og aðstöðu nemendanna s.s á leiksvæðinu.
- * Fundi slitið